

ir um að framan í dómi þessum, við stefnda stórkaupmann Thor E. Tulinius og bróðir hans Carl heitinn Tulinius, eða við nefndan Carl Tulinius fyrir hans eigin hönd og bróður hans Thor E. Tulinius, þá skal hann vera sýkn fyrir kröfum stefnda stórkaupmanns Thor E. Tuliniusar í máli þessu, og skal stefndi þá greiða honum, áfrýjanda, 309 kr. 02 a. með 6⁰/₁₀ vöxtum frá gagnstefnudegi þangað til borgun fer fram, en málskostnaður skal falla niður.

Vinni áfrýjandi aftur á móti eigi áminstan eið, skal hinn áfrýjaði aukaráttardómur vera óraskaður í öllum greinum, og áfrýjandi skal þá greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 60 kr.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 44/1905:

Oddur Gíslason
gegn
Pétri Brynjólfssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, ljósmyndari Pétur Brynjólfsson, lögsótti í héraði áfrýjandann málaflutningsmann Odd Gíslason til lúkningar á skuld fyrir ljós-

myndir að upphæð 21 kr., og var málinu ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkurborgar uppkveðnum 30. nóv. f. á. á þá leið, að Oddur Gíslason skyldi endurskila Péttri Brynjúlfssyni 3 ljósmyndum, eða að öðrum kosti greiða honum 21 kr. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir málflutningsmaður Oddur Gíslason áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. des. f. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann, áfrýjandi, verði algjörlega sýknaður og að stefndi verði sektaður fyrir þrætugirni og dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins. Stefndi, ljósmyndari Pétur Brynjúlfsson, hefir af sinni hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, að áfrýjandi verði sektaður fyrir þrætugirni og að hann verði dæmdur til að borga allan málskostnað fyrir báðum réttum. Að því leiti stefndi hefir jafnframt farið fram á það, að dóminum verði breytt honum í vil, þá verður þeirri kröfu enginn gaumur gefinn, með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað sökinni.

Stefndi hefir skýrt svo frá um kröfu sína, að hann hafi gjört myndir fyrir áfrýjanda eftir beiðni hans fyrir alls 26 kr., nl. eina mynd í okt. 1902 fyrir 2 kr. og árið 1903 3 myndir fyrir 8 kr. hverja, og að áfrýjandi hafi greitt sér einar 5 kr. upp í andvirði myndanna. Áfrýjandi segir að þessar 5 kr. hafi verið greiddar upp í önnur viðskifti þeirra málsaðilanna, en þar í hafi þó verið með talin myndin, sem gjörð var í okt. 1902 og kostaði 2 kr. Hinar 3 myndirnar, sem reiknaðar eru á 24 kr., segist hann aldrei hafa beðið um og aldrei

hafa fengið reikning fyrir fyr en rétt áður en mál þetta var höfðað. Hann segist vorið 1903 hafa veitt stefnda meðmæli í útlendum viðskiftum, og hafi stefnda þótt sér gjörður greiði með því, og gjarnan viljað gjöra sömu skil. Segist áfrýjandi þá munu hafa gefið í skyn, að hann gjarnan vildi fá tekna mynd af húsi sínu, og hafi stefndi nokkru síðar tekið umrædda mynd. Svo telur áfrýjandi og verð myndanna hærra, en hæfilegt sé. Stefndi kannast að vísu eigi við, að hann hafi beðið áfrýjanda um áminst meðmæli, en að öðru leyti hefir skýrslu áfrýjanda um málið eigi verið hnekt. Samkvæmt þessu verður eigi álitid, að áfrýjandi hafi beint beðið um myndirnar í því skyni að borga þær sem hverja aðra pantaða vöru; á hinn bóginn verður eigi heldur álitid, að stefndi hafi gjört myndirnar og sent áfrýjanda þær í því skyni að gefa honum þær. Eftir því sem fram er komið í málinu, verður að líta svo á, að myndirnar séu í vörzlum áfrýjanda; vilji hann halda þeim, virðist hann verða að borga þær, en hann getur losast við að borga þær með því að skila þeim aftur, en það hefir hann gjört að varakröfu sinni í héraði, og er því niðurstaða sú rétt, sem bæjarþingsdómurinn hefir komist að. Það ekkert alment verðlag eða taxti er á ljósmyndum, virðist seljandi geta sett það verð á þær, er honum líkar, án tillits til þess, hvað verðið kann að vera hjá öðrum ljósmyndurum. Samkvæmt þessu verður að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum; einnig málskostnaðarákvæði hans, og eftir öllum málsatvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli einnig niður. Það þykir eigi ástæða til þess að taka

til greina kröfur málsaðila um það, að beitt sé sektum fyrir óþarfa málsýfingu.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Nr. 7/1906: Chr. Fr. Nielsen verzlunarerindreki
 gegn
 Oddi Gíslasyni málsfærslumanni
 f. h. Victor E. Juhl.

D ó m u r :

Árið 1904 var áfryjandinn, Chr. Fr. Nielsen, verzlunarerindreki fyrir stefnda, Victor E. Juhl, stórkaupmann í Khöfn, og var það hlutverk hans, sumpart að hafa vörur á boðstólum fyrir Juhl hér á landi, sumpart að útvega honum viðskiftamenn íslenzka í Khöfn. Þegar áfryjandi haustið og veturinn 1904 gjörði reikningsskap fyrir umboðsmensku sinni, vildi stefndi eigi kannast við að reikningar þeir væru réttir, og taldi til skuldar hjá áfryjanda að upphæð 252 kr. 67 a. Þar sem áfryjandi eigi vildi greiða upphæð þessa, höfðaði stefndi mál á móti honum fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var